

Tækniminjasafn Austurlands

Stjórnarfundur 30. maí 2013

Fundarstaður og tími: Tækniminjasafn, kl. 16:00-18.30

Fundarmenn: Árni Elísson, Unnar Sveinlaugsson, Rúnar Loftur Sveinsson, Eydís Bára Jóhannsdóttir, og Pétur Kristjánsson starfsmaður Tækniminjasafnsins.

1. Tilkynning um breytingu í stjórn:

Hjalti Bergsson hefur sagt sig úr aðalstjórn og Unnar Sveinlaugsson hefur tekið hans sæti.

2. Ársskýrsla 2011 og ársreikningar 2011 og 2012:

a) Ársskýrsla 2011

Pétur leggur fram ársskýrslu Tækniminjasafns Austurlands fyrir árið 2011. Pétur fer yfir það helsta sem var í gangi.

b) Ársreikningur 2011

Pétur leggur fram ársreikninga fyrir árið 2011. Reikningarnir samþykktir.

c) Ársreikningur 2012

Pétur leggur fram ársreikninga fyrir árið 2012. Reikningarnir samþykktir.

3. Fjárhagstaða safnsins

Pétur gerir ráð fyrir að útgjöld verði svipuð og í fyrra. Pétur fer yfir áætlaðar tekjur og gjöld.

4. Ný safnalög tóku gildi 1. janúar 2013

Pétur segir frá breytingum í safnalögum, m.a. grein um viðurkenningu safna. Pétur fer yfir hvað Tækniminjasafnið þarf að gera til að fá viðurkenningu. Senda þarf inn umsókn fyrir viðurkenningu fyrir 15. september. Inn í lögin er m.a. komin grein um ábyrgðarsöfn en ábyrgðarsafn er safn sem er falið að bera ábyrgð á ákveðnum þáttum safnastarfs á tilteknu sviði eða landsvæði.

5. Starfsemi ársins á safninu

Unnið hefur verið við skráningar, unnið með ýmsar umsóknir. Klósettið í Smiðjunni er komið með heitt og kalt rennandi vatn. Salernismálin eru vandamál. Gert hefur verið átak í smiðjunni. Prentsmiðjan er komin í fullan gang. Grafíska Bomban verkefni – Listaháskóli Íslands, Menntaskólinn á Egilsstöðum o.fl. unnu saman að þessu verkefni. Fjölsmíðanámskeið fór ekki eins og ætlað var. Skaftfell vill fara að koma að námskeiðum. Lungaskólinn getur nýtt sér safnið en hann á að hefja störf á næsta ári. Eyrarrósar umsókn var unnin – hægt að nýta hann aftur. Svissneska sjónvarpið kom. Verið er að vinna í að texta myndir sem hægt verður að setja í sölu. Verið að vinna með Geirahús, m.a. skráningar. Búið að gera upp járnbrautina.. N4 kom og gerði mynd. Símsstöðin (sýningin athugasemd vélritara). Verið er að vinna í viðgerðum á Skipasmíðastöðinni. Nýjar vefsíður bæði á íslensku og ensku. Pétur var skipaður í nefnd vegna 100 ára afmælis rafstöðvarinnar. Þráðlaus fjarskipti eru einnig 100 ára á þessu ári – verið að spá í hvort eitthvað er hægt að gera í tengslum við það. Þarf að fara í veiðurkenningarferlið.

6. Starfsemi næsta árs

- Námskeið fyrir fleiri og með Skaftfelli. Húsnæði getur verið til trafala.
- Þarf að framleiða söluvörur – búið að ræða við listamenn um að framleiða dagatal sem prentað verður í prentsmiðju safnsins. DVD útgáfa.
- El Grillo verður búið að liggja áhafsbotni í 70 ár á næsta ári. Spurning hvort gera eitthvað megi með það og eru ákveðnar hugmyndir í gangi.
- LungAskólinn byrjar á næsta árið og horfir safnið þangað.
- Safnið verður 30 ára á næsta ári og spurning hvor teinhverskonar yfirlitssýning verði sett upp
- Pétur varpar fram hugmynd um að koma á fót gestavinnustofu/íbúð uppi á lofti í gömlu símstöðinni. Gestavinnustofur hafa reynst mjög vel í Skaftfelli.

7. Önnur mál

- Prókúra - Stjórn TA Seyðisfirði samþykkir að veita Björk Pálsdóttur, kt. 181070-3319, Tjarnarbrú 3, öfn í Hornafirði prókúru fyrir safnið og jafnframt netaðgang að bankareikningi nr. 0176-26-1906 hjá landsbanka Íslands. Prókúra Margrétar Veru Knúsdóttur er felld niður.
- Unnar spyr hvort að fólk sem hefur áhuga á að gera upp báta o.þ.h. geti fengið aðstöðu hjá Tækniminjasafninu til þeirrar vinnu og fær jákvætt svar hjá Pétri.

Undirritað:

Árni Elísson
Rúnar L Sveinsson
Unnar Sveinsson
Eydís Bára Jóhannsdóttir
Pétur Kristjánsson